



Loftslagsstefna

Útg.dagur 14.09.2021

Útg.nr.: 1 Samp.: SIÓ

Fjölbrautaskóli Vesturlands (FVA) vill vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki. FVA leggur sitt af mörkum til að skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu sé náð og tekur þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Áhrifum vegna loftslagsstefnu FVA má skipta í tvennt — bein og óbein. Bein áhrif eru vegna aðgerða sem leiða til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda. Óbein áhrif geta verið margvísleg og til dæmis falist í áhrifum á starfsemina, breyttum viðhorfum og hegðun starfsfólks og nemenda og táknrænum skilaboðum til samfélagsins.

Loftslagsstefnan tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, með sérstakri áherslu á markmið nr 7 (vistvænar samgöngur, loftgæði og úrgangur) og 12: (vistvæn innkaup).

Fjölbrautaskóli Vesturlands tryggir að lagalegum kröfum sem tengjast starfsemi hans sé fylgt og vinnur að stöðugum umbótum á umhverfistarfi stofnunarinnar. Árangur loftslagsstefnu FVA vegna beinna áhrifa verður mældur og endurmetinn árlega og niðurstöðum miðlað á vef FVA. Gert er ráð fyrir reglulegri endurskoðun og uppfærslu loftslagsstefnunnar, markmiða hennar og aðgerðaáætlunar enda munu breytingar í tækni, þekkingu og viðhorfum hafa áhrif á framvindu loftslagsmála.

Stofnunin fylgir grænum skrefum í ríkisrekstri og leggur þau til grundvallar í allri vinnu.

Yfirmarkmið

FVA ætlar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) á ársverk um 40% fyrir árið 2030 miðað við árið 2021. Stofnunin stefnir einnig að kolefnishlutlausri starfsemi með því að kolefnisjafna 80% losunar frá 2021 þá skal hugað markvisst að kolefnisspori máltíða og auka hlut grænmetis og fisks í mötuneyti og flokka lífrænan úrgang í takt við aðgerðir Akraneskaupstaðar til viðbótar við aðra flokkun. Hvatt er til hjólreiða og rafrænna fundahalda. Sett verður upp hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla.

Umfang

Loftslagsstefna FVA fjallar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt leiðbeiningum um loftslagsstefnur opinberra aðila.

Árangur loftslagsstefnu FVA vegna beinna áhrifa verður mældur og endurmetinn árlega og niðurstöðum miðlað á vef FVA. Gert er ráð fyrir reglulegri endurskoðun og uppfærslu loftslagsstefnunnar, markmiða hennar og aðgerðaáætlunar enda munu breytingar í tækni, þekkingu og viðhorfum hafa áhrif á framvindu loftslagsmála.

Stefnan nær til allrar starfsemi FVA, bygginga, mannvirkja og framkvæmda og tekur til eftirfarandi umhverfisþátta sem unnt er að fylgjast með og mæla hverju sinni:

Samgöngur

- Losun GHL vegna flugferða starfsmanna
- Losun GHL vegna aksturs á bílaleigu- og leigubílum



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

- Fjöldi þeirra sem uppfylla samgöngusamning milli skólans og starfsfólks

Orkunotkun

- Rafmagnsnotkun í skólabyggingu
- Heitavatnsnotkun í skólabyggingu

Úrgangur

- Losun GHF vegna lífræns úrgangs sem fellur til
- Losun GHF vegna blandaðs úrgangs sem fellur til
- Heildarmagn úrgangs sem fellur til
- Magn útprentaðs skrifstofupappírs

14. september 2021

Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari